

Reykjavíkurborg

Reykjavík 26. mars 2019

Efni: Ráðstefnan „Eru íþróttir leikvangur ofbeldis? Vinnum gegn því“.

Hjálagt er erindi dagsett 1. október 2018 sem er ósk um styrk vegna ráðstefnunnar „Eru íþróttir leikvangur ofbeldis? Vinnum gegn því“ (sjá fylgiskjal 1).

Íþróttabandalag Reykjavíkur, hér eftir nefnt ÍBR, hefur ekki fengið svar við þessari styrkbeiðni en ráðstefnan var haldin 30. janúar 2019.

Ráðstefnan var vel sótt þar sem um 100 – 120 aðilar sóttu viðburðinn. Fimm erlendir sérfræðingar komu til landsins og voru með erindi og sjö íslenskir sérfræðingar voru einnig með erindi, sjá nánari dagskrá inn á heimasíðunni www.rig.is/radstefna. Góð mæting var einnig á vinnustofu sem haldin var um sama málefni 31. janúar. Um 30 manns tóku þátt í vinnustofu um ábyrgð íþróttahreyfingarinnar sem erlendu fyrirlesararnir stjórnðu.

Við undirbúning ráðstefnunnar var óskað eftir eintaklingum frá samstarfsaðilum í faghóp. Halldóra Gunnarsdóttir frá mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar átti sæti í þessum hóp ásamt fulltrúum frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands, Ungmennafélagi Íslands og aðilum úr hópnum Save Sport Iceland.

Í fyrirnefndu erindi var ekki óskað eftir ákveðinni upphæð frá Reykjavíkurborg en hér með er óskað eftir kr. 1.000.000.

Hér fyrir neðan fylgir með uppgjör vegna ráðstefnunnar.

ÍBR veitir fúslega allar frekar upplýsingar sé eftir því óskað.

Virðingafyllt,

f.h. Íþróttabandalags Reykjavíkur

Frímenn Ari Ferdinandsson

Framkvæmdastjóri

Kostnaðaráættun - ráðstefna	
Erlendir gestir	
flug	170.610
gisting	233.027
Fyrirlesarar + ráðstefnustjóri	268.354
Veitingar + akstur	316.330
Kynningarmál	1.000.000
Laun starfsmanna	1.500.000
Framleiðsla á fræðsluefni	1.500.000
Annað	21.015
	5.009.336
Styrkir og framlög samstarfsaðila	
ÍSí	500.000
Reykjavíkurborg	
UMFÍ	500.000
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	1.000.000
Íþróttasjóður	400.000
Lýðheilsusjóður	300.000
Tekjur af skráningargjöldum	232.735
	2.932.735